

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10 150 Reykjavík  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Ólafsvík 21.3.2024

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins 126. mál.

Samtök smærri útgerða leggjast harðlega gegn þessarri tillögu eins og þegar hún var lögð fram fyrst á 153. löggjafarþingi.

Ástæður eru þær sömu og áður:

- Stækkun félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins um c.a. 50% þýðir auðvitað skerðingu á „venjulegum aflaheimildum“, og grefur þannig undan atvinnurekstri fyrirtækja sem eru að reyna að stunda rekstur allt árið. Það eru fyrirtæki sem skapa atvinnu um allt land, bæði í landi og á sjó. Á sama tíma og aflaheimildir í þorski hafa verið skornar niður umtalsvert, myndi þessi ráðstöfun auka enn á þann tíma sem bátar þessarra fyrirtækja yrðu bundnir við bryggju vegna skorts á veiðiheimildum, með tilheyrandi atvinnuleysi sjómanna og landverkafólks.

- Stækkun félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins myndi sennilega, með þeim niðurskurði aflaheimilda sem henni myndu fylgja, veita mörgum krókaafلامarksútgerðum sem nú þegar glíma við erfiðar rekstraraðstæður vegna órökstuddra veiðarfæratakmarkana og skertan þorskvóta náðarhöggið. Þar af leiðandi myndi slík ráðstöfun auka á samþjöppun í greininni og fækka smærri útgerðum. Benda má á að fækkun krókaafلامarksútgerða og aukin samþjöppun jókst mjög með tilkomu strandveiðikerfisins.

- Að ofangreindu, og með hliðsjón af reynslu fjölmargra síðustu ára, má sjá að það er rangt sem kemur fram í greinargerð með tillögunni, að svokallaðar félagslegar aðgerðir auki fyrirsjáanleika í greininni. Þvert á móti verða slíkar aðgerðir alltaf duttlungum háðar, eins og sagan kennir okkur.

- Að taka aflaheimildir frá þeim sem reyna að stunda, og skapa, atvinnu allt árið, og færa þær í „pott“ sem aldrei verður nógu stór, er mjög misráðin aðgerð sem stuðlar að sóun verðmæta. Samtök smærri útgerða leggjast gegn slíkri sóun.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka smærri útgerða

Örvar Marteinson formaður

